

---

## 80 tonna framleiðsluaukning á laxaseiðum að Fiskalóni í Ölfusi

### Ákvörðun um matsskyldu

---

#### 1 INNGANGUR

Þann 23. október 2019 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Laxar fiskeldi ehf. um fyrirhugaða 80 tonna framleiðsluaukningu á laxaseiðum á Fiskalóni, Sveitarfélaginu Ölfusi, samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 1.11 og 13.02 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Sveitarfélagsins Ölfusi, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunar, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Matvælastofnunar, Minjastofnunar Íslands, Orkustofnunar, Umhverfisstofnunar og Veitna.

#### 2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: 80 tonna framleiðsluaukningu á laxaseiðum í eldisstöð Laxa fiskeldis ehf. á Fiskalóni, Ölfusi, Laxar fiskeldi, október 2019.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Sveitarfélaginu Ölfuss með bréfi dags. 29. nóvember 2019.
- Fiskistofu með bréfi dags. 19. nóvember 2019.
- Hafrannsóknastofnun með bréfi dags. 8. nóvember 2019
- Heilbrigðiseftirliti Suðurlands með bréfi dags. 11. nóvember 2019
- Matvælastofnun með bréfi dags. 8. nóvember 2019
- Minjastofnunar Íslands með bréfi dags. 12. nóvember 2019
- Orkustofnun með bréfi dags. 14. nóvember 2019
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 8. nóvember 2019
- Veitum með bréfi dags. 3. desember 2019

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með bréfi dags 4. desember 2019.

#### 3 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

Fram kemur í gögnum framkvæmdaraðila að fyrirhugað sé að auka klak úr hrognum í stöðinni og auka framleiðslu á laxaseiða úr 20 tonnum í 100 tonn á ári. Áætlað er að reisa tvö ný 450 m<sup>3</sup> útiker þar sem kerraðir stóðu áður. Stefnt er að því að auka eldisrýmið úr 850 m<sup>3</sup> í um 1.750 m<sup>3</sup>. Heildarstærð lóðarinnar er um 83.000 m<sup>2</sup>. Öll seiði verða bólusett fyrir sjósetningu, engin lyf verða notuð í eldinu og sjúkdómavarnir verða í samræmi við lög og reglugerðir. Laxaseiði verða svo flutt í eldistöð Laxa fiskeldi ehf. við Laxabraut í Þorlákshöfn og þaðan til áframeldis í sjókvíum fyrirtækisins á Austfjörðum.

##### Vatnsnotkun

Fram kemur að til að rækta 100 tonn af laxaseiðum á ári þurfi 167 l/sek af ferskvatni og 3 l/sek af 110°C ferskvatni til upphitunar á eldisvatni. Á lóð sé aðgengi að 20 l/sek af 8°C heitu vatni úr borholu og 170 l/sek af 5°C sjálfrennandi vatni, auk þess sem 3 l/sek af 110°C heitu vatni verði keyptir af



Orkuveitunni. Borað verði eftir meira vatni á lóðinni en framkvæmdin sé háð nýtingarleyfi Orkustofnunar.

Í umsögn Sveitarfélagsins Ölfuss er bent á mikilvægi þess að aukin vatnstaka hafi ekki áhrif á nærliggjandi jarðir.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að ekki sé gert ráð fyrir aukinni vatnstöku, hins vegar sé mikilvægt að hafa vatnsbirgðir til taks komi upp vandamál með endurnýtingarkerfi og því talið að áhrif af vatnstöku á aðrar jarðir verði óveruleg.

### **Fóðurnotkun**

Fram kemur að fóður komi frá fóðurverksmiðjunni Laxá. Fóðurnotkun muni miðast við 1,3 kg fóður/kg fisk sem sé nokkuð rúmlega reiknað og megi búast við að fóðurstuðull verði lægri. Þar sem notast verði við tölvuskráningu í gegnum eldisforritið Fishtalk muni allar nauðsynlegar upplýsingar liggja fyrir frá degi til dags varðandi vöxt, afföll, fóðrun, fóðurstuðul, seltu, hitastig og fleira. Fóður verði geymt í dýrheldum fóðurgeymslum eða fóðursílóum.

### **Fráveita**

Fram kemur að frárennsli frá botni eldiskera muni renna í þar til gerða kassa sem safni saman dauðfiski, gert sé ráð fyrir að magn dauðfisks verði 0,4 tonn við framleiðslu á 100 tonnum af laxaseiðum.

Framleiðsluaukningin muni hafa í för með sér að magn næringarefna í frárennsli frá stöðinni muni aukast þrátt fyrir að það verði leitt í gegnum nýja tromlusíu, með 80µm síuplötum sem hreinsi allt að 90% agna úr eldisvatninu áður en það fari í viðtaka. Aukning á köfnunarefni á ári verði úr 1,12 tonnum í 2,93 tonn eða nær þreföldun og aukning fosfórs úr 0,13 tonnum í 0,23 eða um tvöföldun. Á leið sinni frá stöðinni renni frárennsli um mýri, Varmár- og Ölfusforir, sem eru á náttúruminjaskrá og fari þar um nokkuð flókið skurðakerfi á leið sinn í ós Þorleifslækjar og Ölfusár og til sjávar.

### **Förgun úrgangs**

Fram kemur að dauðfiskur verður urðaður á löggiltum urðunarstað í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Seyru úr tromlusíu verði fargað á viðurkenndum förgunarstað.

Í umsögn Sveitafélagsins Ölfuss er lögð áhersla á að úrgangur frá stöðinni verði geymdur í lokuðum ílátum/gámum.

Í umsögn Matvælastofnunar er bent á að koma ætti fram hvar dauðfiskur frá rekstri fram að þessu hefur verið urðaður.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að úrgangur verði geymdur í lokuðum ílátum og að samningur sé við Skinnfisk ehf. sem sjái um að farga dauðfisk.

### **Samlegð með öðru fiskeldi**

Fram kemur að í nágrenni við eldisstöðina á Fiskalóni séu þrjár aðrar seiðastöðvar, Bakki (20 tonn, fyrirhuguð aukning um 80 tonn) í eigu Laxa fiskeldis, seiðastöð Samherja á Öxnalæk (100 tonn) og eldisstöð að Núpum III (150 tonn) einnig í eigu Samherja.

Frárennsli frá Núpum virðist fara um skurði og mýri og að hluta í Varmá/Þorleifslæk án þess að sameinast frárennsli frá Fiskalóni en hluti sameinist því eftir 4 km leið um skurði. Samkvæmt eftirlitsskýrslum Umhverfisstofnunar (2017) er frárennsli frá Núpum hreinsað með tromlusíu sem dregur úr næringarefnalosun frá þeirri stöð. Samkvæmt eftirlitsskýrslum Umhverfisstofnunar (2018) kemur fram að eldisvatn frá Öxnalæk renni beint um Varmá og því ekki hætt við samlegðaráhrifum milli stöðvanna. Fari frárennsli Fiskalóns eðlilegustu leið, 2,3 km um skurði, sameinast það frárennslisvatni frá Bakka sem mun þá hafa runnið 0,7 km. Eldisvatn Fiskalóns og Bakka verður hreinsað með tromlusíu og upptaka næringarefni í mýrlendinu verður mikil. Hætta á samlegðaráhrifum milli eldisstöðva á svæðinu er þar af leiðandi óveruleg.



## 4 UMHVERFISÁHRIF

### Slyasleppingar

Fram kemur í greinargerð að ólíklegt sé að eldisfiskur sleppi úr eldisstöðinni vegna rista í yfirfalli kerja og síubúnaðar í fráveitu.

Sveitarfélagið Ölfus bendir á að frárennsli stöðvarinnar deili ós með Varmá/Þorleifslæk og Ölfusá og þar fari um þúsundir laxfiska á hverju ári og undirstrikar mikilvægi þess að komið verði í veg fyrir blöndun eldisfisk við villta fiska.

Fiskistofa bendir á að með sleppivörnum stöðvarinnar sé ólíklegt að fiskar geti sloppið lifandi og því ekki talin mikil hættu á að starfsemin geti haft áhrif á laxfiska.

Hafrannsóknastofnun bendir á að mikilvægt sé að kanna grunnástand á vatnasvæði Varmár, tegundasamsetningu seiða, þéttleika og uppruna þeirra (erfðafræði) m.t.t. þess hvort fiskar af eldisuppruna séu til staðar á vatnasvæðinu og þá í hve miklum mæli. Gert sé ráð fyrir að alin verði seiði af norskum eldisstofni laxa en stofnar laxfiska séu í Varmá/Þorleifslæk og á svæðinu séu ríkir veiðihagsmunir og mikilvægt að framandi stofnar geti ekki sloppið út í umhverfið og blandast þeim stofnum sem fyrir séu.

Í svari framkvæmdaraðila er tekið undir mikilvægi þess að fiskar sleppi ekki frá stöðinni út í umhverfið og ristar á kerjum og í frárennsli svo og tromlusía eigi að koma í veg fyrir það.

### Viðtaki fráveitu

Fram kemur í greinargerð að helstu úrgangsefni í frárennslisvatni séu köfnunarefni og fosfór. Frárennsli stöðvarinnar fari í framræsluskurði er liggja um votlendi. Renni vatnið eðlilegustu leið til sjávar fer það tæplega 9 km leið að ósi Þorleifslækjar og Ölfusár. Framleiðsla í mýrum er mikil, sem og upptaka næringarefna og afar ósennilegt að næringarefna gæti enn í vatninu þegar út í Ölfusá er komið. Að mati framkvæmdaraðila muni rekstur stöðvarinnar ekki hafa áhrif á Varmár- og Ölfusforir.

Í umsögn Sveitarfélagsins Ölfuss er undirstrikað mikilvægi þess að tromlusía virki eins og stefnt sé að og eftirlit haft með því.

Í umsögn Umhverfisstofnunar er ekki fallist á þá fullyrðingu að reksturinn muni ekki hafa áhrif á Varmár- og Ölfusforir þar sem frárennslið fari inn á það svæði og í þurá. Bent er á að miðað við fullkomna virkni fyrirhugaðs hreinsibúnaðar, er taki um 90% fastra efna úr frárennslinu, muni efnalosun frá stöðinni samt tvöfaldast til tæplega þrefaldast miðað við núverandi starfsemi og verði einkum vegna uppleystra efna. Ennfremur er bent á í skýrslu frá síðasta eftirliti stofnunarinnar 31. október 2018 komi fram að mikið sé af sjáanlegum fóðurleyfum, gruggi og brák í frárennsli stöðvarinnar.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að frárennslisskurður sé samhliða, en minnst 100 m frá neðsta hluta þurár. Ósennilegt sé að rekstur eldisstöðvar á Fiskalóni hafi áhrif á ástand eða lífríki í ánni. Þegar umrætt eftirlit stofnunarinnar fór fram var ekki hreinsun á eldisvatni stöðvarinnar, en uppsetning tromlusíu, til að hreinsa eldisvatnið af föstum efnum, sé langt komin.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar kemur fram að stofnunin telur að almennt sé nokkur óvissa um líffræðilegt ástand og þol Varmár/Þorleifslækjar ásamt hliðarám og lækjum á vatnasviðinu sem viðtaka, núverandi stöðu og þess viðbótarálags sem ráðgert er. Bent er á að upptaka næringarefna á rennslisleið fráveituvatns geti verið breytileg t.d. sé upptaka köfnunarefnis (N) háð ákomu, lífrænum ferlum í vatninu og háð ljóstíllífun/sólarljósi og því lítil að vetri svo og gróður magni í skurðum. Það geti skipt framkvæmdaraðila máli að ástand viðtaka sé þekkt fyrir framkvæmd m.t.t. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála en samkvæmt þeim gætu mögulega verið lagðar skyldur á herðar starfseminnar ef grípa þarf til aðgerða til að bæta ástand vatnshlots. Þá er bent á að magn heildar köfnunarefnis í borholuvatni sé 2,4 mg/l og teljist næringarefnaauðugt ef mælingar eru



réttar. Bent er á að í eftirlitsskýrslu Umhverfisstofnunar frá 2018 séu gerðar fjölmargar athugasemdir við reksturinn svo sem um frárennsli, framleiðslu umfram starfsleyfi og fleira.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að greining á köfnunarefni í sýnum sem tekin voru 20. nóvember 2019 úr vatni við inntak sýni minna en 0,5 mg/l og eftir loftun og blöndun við jarðhitavatn 0,5 mg/l og sé því ekki mengað af köfnunarefni líkt og fyrri niðurstöður bentu til.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar er bent á að þrjár aðrar eldisstöðva séu á sama svæði og eldisstöð á Fiskalóni.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að stöðvarnar á svæðinu séu Fiskalón, Bakki, Núpar og Öxnalækur sem hafi heimild framleiðslu á 290 tonnum en áform um að framleiðsla verði 600 tonn. Þrátt fyrir framleiðsla gæti tvöfaldast þá muni álag á viðtakann ekki aukast í beinu sambandi við aukninguna þar sem eldisvatn frá Bakka og Fiskalóni var ekki hreinsað en tromlusía sé komin á Bakka og í uppsetningu á Fiskalóni.

## 5 SKIPULAG OG LEYFI

Framkvæmdin er í samræmi við Aðalskipulag Sveitarfélagsins Ölfuss 2010-2022. Sveitarstjórn Ölfuss hefur samþykkt deiliskipulag fyrir athafnasvæði Fiskalóns.

Framkvæmdin er háð byggingarleyfi og eftir atvikum framkvæmdaleyfi samkvæmt skipulagslögum og mannvirkjalögum. Einnig starfsleyfi Umhverfisstofnunar samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Einnig þarf rekstrarleyfi Matvælastofnunar í samræmi við lög um fiskeldi og reglugerð um fiskeldi. Flutningur á úrgangi er háður starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands skv. lögum nr. 7/1998 og reglugerð nr. 785/199. Þá þarf nýtingarleyfi Orkustofnunar til aukinnar lög um rannsóknir og nýtingu auðlinda í jörðu.

Í umsögn Matvælastofnunar er áréttað að verði gefið út rekstrarleyfi fyrir 100 tonna hármarslífmassa að þá megi lífmassi stöðvarinnar aldrei á neinum tíma fara yfir 100 tonn.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að ekki er áætlað að lífmassi stöðvarinnar fari yfir 100 tonn.

## 6 NIÐURSTAÐA

Laxar fiskeldi ehf. fyrirhuga framleiðsluaukningu á laxaseiðum úr 20 tonnum í 100 tonn á ári að Fiskalóni, Sveitarfélaginu Ölfusi. Áætlað er að reisa tvö ný 450 m<sup>3</sup> útiker og auka eldisrýmið úr 850 m<sup>3</sup> í um 1.750 m<sup>3</sup>. Öll laxaseiði verða svo flutt í eldistöð fyrirtækisins við Laxabraut í Þorlákshöfn.

Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum og lið 1.11 og 13.02 í 1. viðauka laganna.

### Eðli framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal einkum taka mið af stærð og umfangi framkvæmdar, sammögnunaráhrifum með öðrum framkvæmdum, nýtingu náttúruauðlinda, úrgangsmýndun, mengun, ónæði og slyshættu, sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Með hliðsjón af eðli framkvæmdarinnar og framlögðum gögnum telur Skipulagsstofnun að við mat á því hvort fyrirhuguð framleiðsluaukning hafi í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif beri fyrst og fremst að horfa til mögulegra áhrifa framkvæmdarinnar á tvo umhverfisþætti. Það er áhrif frárennslis á lífríki í vatni og áhrif mögulegra slysasleppinga á villta laxa.



Fyrir liggur að fimmföldun í framleiðslu muni hafa í för með sér að magn næringarefna sem berst frá stöðinni eykst um það bil í hlutfalli við framleiðsluaukningu. Með því að veita affallsvatninu í gegnum nýja tromlusíu verði aukning köfnunarefnis og fosfórs tvöföld til tæplega þreföld.

Í eldisstöðinni á Fiskalóni verður klakið út seiðum kynbættis eldislax af norskum uppruna og þau alin um tíma. Sleppi fiskur úr stöðinni er möguleiki á erfðablöndun við villta laxastofna. Fram kemur í gögnum framkvæmdaraðila að ristar verði í yfirfalli í öllum kerjum og affalli ásamt því að frárennsli fari í gegnum rist og tromlusíu. Með hliðsjón af sleppivörnum stöðvarinnar telur Skipulagsstofnun ólíklegt að fiskur sleppi frá stöðinni.

Hvað samlegðaráhrif vegna frárennslis með annarri starfsemi á svæðinu varðar er ljóst að fyrirhuguð heildarlosun í viðtakann Varmá/Þorleifslæk og að lokum Ölfusá verður töluverð. Fiskeldisstöðin við Öxnalæk losar frárennsli beint í Varmá nokkuð ofan ármóta Sandár en gera má ráð fyrir einhverri þynningu í Varmá þar til Sandá, með affall frá Núpum, fellur í hana. Frárennsli frá Fiskalóni og Bakka fer beint í skurðakerfi Ölfusföru og þaðan í viðtakann Varmá/Þorleifslæk/Ölfusá. Líklegt er að frárennsli frá Fiskalóni fari að mestu í neðsta hluta Þorleifslækjar þar sem hann mætir Ölfusá en ekki er hægt að útiloka að einhver hluti þess rati í skurði sem liggja að Þorleifslæk ofar ásamt frárennsli frá Bakka.

### **Staðsetning framkvæmdar**

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar, svo sem verndarákvæðum, einkum svæða sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd, vegna fornleifa eða alþjóðlegra viðmiða sbr. 2 tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Frárennsli frá stöðinni fer um skurði í votlendi innan svæðis á náttúruminjaskrá og í viðtakann Varmá/Þorleifslæk/Ölfusá. Í stöðuskýrslu um vatnasvæði Íslands frá árinu 2013 kemur fram að Varmá/Þorleifslækur sé ekki í hættu vegna mengandi starfsemi. Þó er talið að staðbundið álag á ána sé nokkuð, m.a. vegna fiskeldis í Ölfusi. Verði fyrirhuguð áform fiskeldisstöðva í Ölfusi að veruleika má gera ráð fyrir að staðbundið álag aukist.

Skipulagsstofnun telur að hægt verði að koma í veg fyrir að gengið verði of nærri álagsþoli náttúrunnar með virkri vöktun á viðtaka, þ.e. Varmá/Þorleifslæk og mótvægisáðgerðum sem geta falist í frekari hreinsun eða minni framleiðslu komi til þess að Umhverfisstofnun ákveði að endurskoða starfsleyfi í ljósi niðurstaðna vöktunar.

### **Eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar**

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eiginleikum hugsanlegra áhrifa framkvæmda að teknu tilliti til eðlis og staðsetningar framkvæmdar, svo sem stærðar áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, afturkræfni áhrifa og sammögnunar ólíkra umhverfisáhrifa á tileknu svæði, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Skipulagsstofnun telur að áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar felist einna helst í mögulegum áhrifum frárennslis á votlendissvæði á leið þess í Varmá/Þorleifslæk/Ölfusá og sér í lagi með tilliti til samlegðaráhrifa með annarri starfsemi sem losar frárennsli í árnar. Óvissa er um áhrif fyrirhugaðrar heildarlosunar á svæðinu en Skipulagsstofnun telur að með virkri vöktun á efnainnihaldi frárennslis fiskeldisstöðva og mögulegum mótvægisáðgerðum, sem geta falist í endurskoðun starfsleyfa, séu litlar líkur á að gengið verði of nærri álagsþoli náttúrunnar. Að mati Skipulagsstofnunar er líklegt að önnur áhrif framkvæmdarinnar verði óveruleg.

### **Ákvörðunarorð**

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.



Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 24. janúar 2020.

Reykjavík, 19. desember 2019.

Egill Þórarinnsson

Jón Þórir Þorvaldsson